

Innkomnar athugasemdir - vinnslutillögur aðalskipulag/svæðiskipulag

Vinnslutillögur að breytingum á aðalskipulagi og svæðisskipulagi vegna Álfsness voru kynntar í september. Frestur til að gera athugasemdir var til og með 20. september 2018. Vinnhópur hefur mótað tillögur að viðbrögðum og kom saman á fundi dags. 3. október 2018 þar sem þær voru til umfjöllunar.

Alls bárust umsagnir frá 12 aðilum sem hér segir.

Aðalskipulag; Borgarsögusafn, Faxaflóahafnir, Mosfellsbær, Umhverfisstofnun.
Svæðisskipulag; Garðabær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Veðurstofan.
Sameiginleg umsögn; Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Vegagerðin.

Fjallað er um athugasemdir og svör við þeim hér á eftir.

Faxaflóahafnir, Garðabær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Mosfellsbær, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin gerðu ekki efnislegar athugasemdir.

Borgarsögusafn

- A. Í umhverfisskýrslu (bls. 6) í áhrifamati á fornminjar vantar að draga fram neikvæð áhrif á minjar í Glóru en í skýrslu Borgarsögusafns kemur fram að þar eru leifar af átta fiskibýrgjum sem eru hluti af einstökum minjum, tengdum verslunarstað við Þerneyjarsund. Röskun hafi áhrif á minjaheildir í Sundakoti og Glóru.
- B. Í umhverfisskýrslu í umfjöllun um landslagseiginleika og sjónræna eiginleika kemur fram að vel megi komast hjá því að raska mannvistarleifum, en miðað við þau áform og lýsingar sem eru um nýtingu á landi fyrir efnisvinnslusvæði eru þessar niðurstöður bæði óraunhæfar og villandi.
- C. Endurskoða þarf mat fyrir Álfsnesvík fyrir Mannvist í niðurstöðu valkosta um staðarval á bls. 32 sem þar fær ljósgrænan lit.

Svar:

- A. Afmörkun þess reits sem er tekin undir iðnaðarsvæði hefur verið breytt þannig að fiskibýrgin eru utan við svæðið og í skilmálum eru ákvæði um að vegtengingu við svæðið verði hagað þannig að nálægum minjum verði ekki raskað.
- B. Afmörkun svæðisins hefur verið endurskoðuð með það að markmiði að mannvistarleifum verði ekki raskað. Skráðar fornminjar eru utan þess svæðis og því verður þeim ekki raskað.
- C. Mat fyrir Álfsnesvík hefur verið breytt og fær nú gulan lit, sem byggir á því að nokkuð rask er áformað í grennd við skráðar fornminjar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- A. Vill benda á að grugg- og setmyndun gæti haft áhrif í Leiruvogi og haft áhrif á gengd laxfiska upp í Leirvogsa. Ekki sé fjallað um það í umhverfisskýrslu og úr því þurfi að bæta.
- B. Gæta þarf þess að landrými sé nægt fyrir settjarnir á frárennsli frá efnisvinnslu.
- C. Taka þarf fram hvaða lausn er fyrirhuguð á fráveitu.
- D. Fara þarf betur yfir áhrif af starfsemi Björgunar á loftgæði og hljóðvist.
- E. Athugasemdir við einstaka atriði í umhverfisskýrslu:

- a. Líta þarf til þess að með meiri flutningsvegalegdum með efni, miðað við núverandi staðsetningu, þá eru líkur á auknum áhrifum á loftgæði við stofnæðar til og frá svæðinu.
- b. Huga þarf að hávaðamengun frá starfseminni sjálfri og hvort hávaði geti magnast upp við endurkast í Esjuhlíðum, eins og raunin er með hávaða frá nærliggjandi skotvöllum. Auk þess þarf að meta hvort hávaði frá hörpun og dælingu úr skipum geti borist að íbúðarbyggð á Kjalarnesi.

Svar:

- A. Umfjöllun um grugg og setmyndun er í deiliskipulagi Álfsnesvíkur í kafla um efnisprær og setlón, en á nýjum stað er áformað að hafa það verklag að ekkert set sleppi út vegna vinnslunnar. Í deiliskipulaginu er einnig gerð grein fyrir því hvernig uppbygging landfyllingar verður hagað þannig að grugg- og setmyndun verði lágmörkuð. Umfjöllun um grugg- og setmyndun er einnig í frummatsskýrslu. Bætt er í umfjöllun í umhverfisskýrslu um grugg- og setmyndun.
- B. Við afmörkun lóðar og mat á landþörf fyrir starfsemina er gert ráð fyrir svæði fyrir settjarnir fyrir frárennsli frá efnisvinnslu. Í deiliskipulagi er sýndur uppdráttur sem sýnir dæmi um það hvernig koma má starfseminni fyrir innan lóðar.
- C. Í deiliskipulagi er umfjöllun um lagnir og grunnkerfi. Gert er ráð fyrir að fráveita frá byggingum verði leidd í rotþró.
- D. Í sameiginlegri umhverfisskýrslu fyrir svæðis-, aðal- og deiliskipulag er umfjöllun um áhrif áætlananna á loftgæði (kafla 5.5.2) og samgöngur (kafla 5.5.3). Niðurstaða umhverfismats áætlana er að áhrif á loftgæði og hávaða séu óveruleg vegna umferðar en færsla starfseminnar auki flutningsvegalengdir. Fyllri umfjöllun um áhrif af starfsemi Björgunar á loftgæði og hljóðvist er í deiliskipulagi og frummatsskýrslu.
- E. Umhverfisskýrsla
 - a. Það er niðurstaða umhverfismats áætlunarinnar að akstursvegalengdir vegna starfseminnar verði meiri.
 - b. Gerð er grein fyrir mögulegri hávaðamengun frá starfseminni sjálfri í frummatsskýrslu. Gert er grein fyrir hávaðamælingum frá núverandi starfsemi við Sævarhöfða og metið út frá aðstæðum fyrir Björgun á nýjum stað, hver áhrifin séu líkleg til að verða, en fyrirfram er áætlað að áhrifin verði óveruleg, bæði fyrir íbúa og á útivistarsvæðum, vegna fjarlægðaráhrifa.

Minjastofnun

- A. Minjastofnun bendir á að aðrir staðir en Álfsnesvík hafa ekki verið metnir með tilliti til fornleifa, þar sem ekki liggja fyrir fornleifaskráning og því hafi ekkert kostamat farið fram varðandi þann umhverfispátt.
- B. Sú niðurstaða umhverfismats valkosta að "ekkert afgerandi" komi í veg fyrir að Álfsnesvík geti talist afgerandi kostur fyrir iðnaðarsvæði, sé ekki rétt.
- C. Réttara væri að nota hugtakið menningarminjar þegar fjallað er um fornleifar, búsetu og menningarminjar t.d. í samantekt umhverfisskýrslu (svæðisskipulag bls. 9 og aðalskipulag bls. 11).
- D. Á bls. 62 í umhverfisskýrslu er skýring á litakóðum sem notaðir eru við mat á áhrifum á tilgreinda umhverfispætti og miðað við þessar skýringar sé ranglega komist að þeirri niðurstöðu að kosturinn Álfsnes C við Álfsnesvík hafi verulega jákvæð áhrif á minjar.
- E. Afstaða Minjastofnunar er að ríkir almannahagsmunir standi til þess að varðveita þennan sögu- og minjastað í borgarlandinu þar sem eru þrjár sjálfstæðar minjaheildir á mjög afmörkuðu svæði.

- F. Minjastofnun fellst ekki á að athafnasvæði Björgunar verði við Álfsnesvík og beinir þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að fundinn verði annar staður fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Svar:

- A. Það er rétt að ekki liggi fyrir fornleifaskráning fyrir alla þá staðarvalskosti sem eru til umfjöllunar í kostamatinu. Kostamatið er unnið út frá bestu fánlegu upplýsingum. Engar fornminjar eru á svæðinu sem er til skoðunar við Sundahöfn og engar í Geldinganesi þar sem báðum svæðunum hefur verið raskað. Minjar hafa verið skráðar fyrir valkost í Gufunesi og við Álfsnesbæinn. Engar þekktar mannvistarleifar eru þekktar á svæðinu við Kollafjörð og er þess getið í matinu.
- B. Í auglýstri aðalskipulagstillögu hefur verið tekið tillit til ábendinga um að á svæðinu séu minjar sem eigi að vernda. Skráðar minjar eru nú utan þess svæðis sem er afmarkað fyrir iðnaðarsvæði í aðalskipulagi og tekur útfærsla í deiliskipulagi mið af því.
- C. Texti hefur verið uppfærður í samræmi við ábendingu.
- D. Á blaðsíðu 62 í vinnslutillögu umhverfisskýrslu eru skýringar á litakóða sem er notaður fyrir áhrifamat aðalskipulags og svæðisskipulags og er umfjöllunin þar á eftir. Niðurstaða þess mats í vinnslutillögunni er að áhrif á minjar séu neikvæðar og er það táknað með rauðum lit, sjá töflu bls. 67 í vinnslutillögu, lið 3.3. Fornminjar.
- E. Afmörkun í aðalskipulagi og deiliskipulagi hefur nú verið breytt þannig að skráðar minjar (fiskibyrgi) sem áður voru innan skipulagssvæðisins, eru nú utan þess. Þannig er tekið fullt tillit til þessara skráðu minja sem þarna eru, sem um leið eru friðaðar og helgunarsvæðis þeirra. Vegtenging að svæðinu mun einnig taka tillit til staðsetningar fornminja. Mögulegt er að landfylling sem nú er áformuð undan ströndinni geti varið fiskibyrgi sem nú er í hættu vegna strandrofs. Velta má upp spurningum um tengsl fiskibyrjanna við kaupstaðinn við Þerneyjarsund en í grein Kristjáns Eldjárns, Leiruvogur og Þerneyjarsund, í ársriti Hins íslenska fornleifafélags er lítið gert með þau tengsl. "Mannaverk þessi geta ekkert annað verið en fiskibyrgi eða skreiðarbyrgi. En að þau séu forn er alls óvíst. Slík byrgi voru notuð langt á aldir fram. Og þau koma ekki kaupstöðunum við heldur útgerðinni og fiskverkuninni. Byrgin á Höfðanum eru líka það langt frá kaupstaðnum hjá Niðurkoti að þar er ekkert samband í milli." segir í grein Kristjáns Eldjárns.

Veðurstofan

Veðurstofan kom með ábendingar um heiti á mælipáttum um vind, aðgengi að gögnum frá veðurstöð á Álfsnesi, umfjöllun um gróður og tilvísanir í greinargerð Veðurstofunnar.

Svar:

Texta og tilvísunum hefur verið breytt í samræmi við innkomnar ábendingar.